

Aðalfundur Félags hrossabænda

haldinn að Hótel Sögu föstudaginn 6. Nóv. 2015

Sveinn Steinarsson formaður Félags hrossabænda setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og skipaði starfsmenn fundarins þau Helga Eggertsson sem fundarstjóra og Hallveigu Fróðadóttir sem fundarritara.

Ávörp gesta:

Bjarni Maronsson flutti kveðjur frá Landgræðslunni. Fór yfir starfsemi og sögu gæðastýringarinnar og samvinnu hrossabænda og Landgræðslunnar. Fór yfir nauðsyn þess að hafa landnýtingarþáttinn í lagi og hvetur til aukinnar þátttöku hrossabænda í landnýtingunni.

Sigríður Björnsdóttir þakkaði samstarfið á liðnu ári. Fór yfir breytingar sem hafa orðið á dýravelferðarmálum og þá helst að minna eftirlit er nú með búfé, og það markmiðið er að draga úr eftirliti þar sem allt er í lagi. Greiða þarf nú fyrir komu eftirlitsmanns heim á bæ og þeir sem ekki sinna sjálfir skilum búfjárskýrslna geta þá átt von á heimsókn eftirlitsmanns. Ábendingar koma oft frá ferðamönnum án þess þó að ástæða sé til. Sigríður greinir frá að blóðtökubæjum, tæknivæddum endurhæfingar- og þjálfunarstöðvum, hestaleigum og reiðskólum ber að hafa innra eftirlit. Yfirdýralæknir mun kalla aðila hestaleiga til fundar til að fara yfir hvað þarf að hafa í huga til að tryggja að ímynd hestsins og aðbúnaður sé tryggður. Worldfengur er ekki fullkominn og gefur ekki nógu góða mynd af þeim fjölda hrossa sem eru sögð á lífi, en í gagnagrunni MAST reynast þau of fá, vonast til að með tilkomu Búnaðarstofu til Mast fari þetta til betri vegar. Worldfengur er eina forritið sem hefur fengið samþykkt hjá EU sem rafrænn hestapassi en til að halda þeim forréttindum verðum við að hafa hlutina í lagi. Skráning á umráðamanni /ábyrgðarmanni þarf nauðsynlega að vera til staðar í WF, frá og með næstu áramótum með tilliti til búfjárefnirlits og ekki síst varðandi útflutning hrossa. Sigríður yfir sýkingarferli hóstapestarinnar og sagði að allt benti til þess að sýkingin hefði borist hingað um ári áður en einkennin kom í ljós. Vitundarvakningu vantar enn meðal hestamanna um nauðsyn þess að vernda landið og hrossin fyrir sýkingum. Rannsóknir á sumarexeminu eru enn í gangi og hefur þróunin verið í rétta átt, ekki er fyrirjáanlegt að neitt fyrirtæki fari að framleiða bóluefni þar sem það er svo dýrt. Þurfum að reyna að styrkja ónæmiskerfi hrossa áður en þau fara af landi brott, og þar kemur erfðabreytt bygg sterkt inn. Næsta vor hefst vinna við rannsóknir á folaldadauða, tíðnin er ekki há en þó eru atrið sem finna þarf útskýringar á, s.s. selenskortur. Hrossabændum munu fá sent bréf með beiðni um þátttöku í verkefninu og fá þeir fría krufningu á folöldum og fósturlátum.

Sindri Sigurgeirsson færði kveðju frá stjórn og starfsmönnum B.Í. fór yfir starfsemi Búnaðarþings og nefndi m.a. að varðandi markaðssetningu væru aðrar búgreinar að horfa til hrossabænda og þar með talin er sú markaðsvinna sem nú er komin í gang í samstarfi við Íslandsstofu og ríkið. Rekstur skólanna er mikilvægur sem og að þeir séu sjálfstæðir og þarf fjármögnun að vera í lagi. Búnaðarþing verður nú annað hvort ár og aðild að Bændasamtökunum er nú heimil þeim sem ekki eru bændur og þá sem aukaáðilar. Fulltrúunum Búnaðarþingsverður ekki fækkað og eru nú 49 með tilkomu geitfjárræktarfélagins.

Vinna við landsmótssvæðið á Hólum gengur vel og lofar góðu. Ráðstefna um framtíð landsmóta tókst vel og margar góðar hugmyndir og ábendingar komu fram. Nauðsynlega er að taka ávörðum í eitt skipti fyrir öll hvar skuli halda landsmót til að koma í veg fyrir stöðugt ósætti um næstu mót.

Sveinn Steinarsson flutti skýrslu stjórnar.

Vignir Sigurðsson fór yfir ársreikninga félagsins

Umræður um skýrslu og reikninga

Jónas Vigfússon; spyr um ástæðu þess að eignir lækka um 5,7 milljónir en 500.000 kr. hagnaður ? Vignir hluti er tap frá fyrra ári og lækkun á hlutabréfum en hann mun skoða í hverju mismunurinn liggur.

Gunnar Arnarson – varðandi eftirlitskerfið sem Sigríður Björnsdóttir ræddi, þar vantar allt eftirlit með dýralæknum t.d. sæðingarstöðvum þar sem ástandi er ekki til fyrirmyndar, vantar ekki verulega á eftirlit með starfsemi sæðingarstöðvanna ?

Vignir Sigurðsson varðandi fyrirspurn Jónasar Vigfússonar: Bændasamtök Íslands hafa greitt laun starfsmanns og FHB gerir upp við BÍ og getur þessi liður lent sitt beggja megin við áramót og útskýrir það þennan mun sem Jónas spurði um.

Sigríður er sammála Gunnari Arnarsyni um að veikleikar eru í reglugerðinni varðandi sæðingastöðvarnar og þetta þarf að skoða og herða á kröfunum. Eftirlit með dýralæknum að öðru leyti er í höndum MAST og yfirdýralæknis en hún viðurkennir að því sé ekki nógu vel sinnt og mun hún koma gagnrýni Gunnars á framfæri.

Jósef Valgarð: eftirlit með dýrum hefur minnkað, breytingar hafa orðið til þess að kostnaður eykst, og virðist það vera háð geðþótta ákvörðunum hver er heimsóttur og þ.a.l. rukkaður. Þessi breyting á eftirlitinu er stórt skref til baka og vonar hann að MAST endurskoði þetta. Jósef gerði athugasemd við að ekki var minnst á starfsmann í hlutastarfi, Kristinn Hugason, í skýrslu stjórnar en telur reyndar ekki raunhæft að sameina LH og FHB. Auka þarf á nýliðun FHB. Auglýsingar v. Fundarferðar formanns skiluðu sér illa og eru það ástæða lélegrar fundarsóknar a.m. á Austurlandi. Sér ekki ástæðu til þess að hafa breytt Hrossaræktarráðunaut yfir í ábyrgðamann hrossaræktar og vill fá gamla stafsheitið til baka. Saknaði þess að hafa ekki fengið yfirlit yfir tillögur sem samþykktar voru á síðasta fundi og hver staða þeirra er í dag. Saknaði líka þess að ekki hafi legið fyrir tillaga frá stjórn. Er ekki kominn ástæða til þess að setja upp starfsemi n.k. leiðbeinanda sem myndir taka út hross hjá söluaðilum og ráðleggja með lýsingu og verð. Varðandi reikningana: Ánægður með viðsnúning á fjárhagnum.

Gunnar Arnarson: þakkar fyrir bókina Hestheimur barnanna og sýnist þessi bók ætti að nýtast vel í að kynna hestinn fyrir börnum. Hvernig er svo hugmyndin að dreifa þessari bók, verður henni dreift frítt ? á hvaða staði; leikskóla, barnaskóla o.fl.

Zóphonías Jónmundsson: hestapassar, varðandi notkun Worldfengs sem rafræns passa mikill misbrestur er á að dýralæknar skrái inn lyfjagjafir sem og verið að skrá inn á hross sem ekki hafa fengið meðferð, þetta þarf að laga til að Worldfengur standi undir því að vera rafrænn hestapassi.

Sveinn Steinarsson, var sammála Jósef Valgarð varðandi heimasíðuna og það að fundargerði hafi verið að koma of seint inn. Telur ekki að fækkun hafi orðið í FHB sem heild þó e.t.v hafi fækkað í e-m deildum. Varðandi hestabókina þá er það í mótun hvernig verður staðið að dreifingu hennar þannig að hún fái viðeigandi athygli.

Sindri Sigurgeirsson: varðandi nýja nafngift ráðunauts í hrossarækt, þá var það þannig að við stofnun RML þá þurfti að finna ný heiti á starfsmenn, þar sem saman komu áður: landsráðunautur, ráðunautur og var því titillinn ábyrgðamaður tekinn upp.

Helgi Eggertsson bar upp reikninga og voru þeir samþykktir samhljóða, hann bar einnig upp skýrslu stjórnar sem var sömuleiðis samþykkt samhljóða.

Helgi spurði hvort fundarmenn hafi eitthvað á móti því að taka fyrir lið 11. og taka fyrir tillögur og vísa þeim í nefndir eins og tími gefst til fram að matarhléi og var það samþykkt.

Sveinn Steinarsson lagði fram greinargerð frá stjórn ásamt tillögu um fjármögnun Félags hrossabænda á sínum hluta í markaðsverkefninu –

Eins og kynnt hefur verið á fundinum og áður hefur félagið ásamt fleiri hagsmunaaðilum verið að vinna að markaðsverkefni undir verkstjórn Íslandsstofu og hefur undirbúningur til þessa verið fjármagnaður af ríkinu. Það var alltaf ljóst að þegar að kynningarstarfinu kæmi þá yrði verkefnið fjármagnað með mótframlagi frá hagsmunaaðilum í hlutföllunum einn á móti einum. Þar sem stjórn og formaður líta á hlutverk okkar í þessu verkefni sérstaklega mikilvægt í ljósi okkar hagsmuna þá þurfum við að tryggja það að fjármögnum hagsmunaaðila gangi vel og að mótframlag frá hagsmunaaðilum sem er allt að 25.000.000- náist að fullu. Það hefur verið gerð óformleg tillaga að því hvernig fjármögnum skiptist milli þeirra aðila sem að verkefninu koma og er horft er til þess að okkar búgrein leggi verkefninu til allt að 4.500.000- á ári það mun hins vegar ekki liggja fyrir hvernig til tekst í fjármagna verkefnið fyrir en á reynir og því verður að koma í ljós hver okkar hlutur verður.

Óskar stjórn því eftir heimild aðalfundar um að stjórn félagsins geti ráðstafað úr sjóðum félagsins í þetta verkefni allt að 4.500.000- á næsta ári en sú fjárhæð er áætlaður okkar hlutur í árlegu mótframlagi miðað við að fullt mótframlag.

Sigríkur Jónsson: Tillaga frá Hrossaræktarsamtaka Suðurlands – **1)** vísa til fagráðs að kljúfa einkunn fyrir vilja og geðslag. **2)** vinna að því að einkunn í fordómi verður sýnileg í WF þegar hækkun verður í yfirliti. **3)** vísa til fagráðs að gera heildarlýsingu til fagráðs um lýsingu á ræktunarmarkmiðinu, þ.e ítarlega lýsingu á gripnum sem sótt er í. **4)** ekki verði heimilt að sýna 4ra vetra hross í fullnaðardóm á kynbótasýningu. **5), 6)** Brokk. **7)** tilnefna dýralækni sýningar við allar kynbótasýningar. **8)** öll kynbótahross á landsmótum skuli koma til kynningar samhliða verðlauna afhendingum í hverjum flokki. **9)** vísa til fagráðs að lækka vægi á vilja og geðslagi.

Jósef Valgarð: tillaga frá Hr.aust.

„Aðalfundur Fhb. 2015 hvetur aðildarfélög félagsins til að mæta með tilskilinn fjölda fulltrúa til aðalfundar hverju sinni.

Jafnframt samþykkir aðalfundurinn að jafna ferðakostnað aðalfundarfulltrúanna og styrkja félögin sem lengst eiga að sækja fundinn hverju sinni.“

Matarhlé frá 12:15 til 13:00

Þorvaldur Kristjánsson tók til máls að loknu matarhléi og fór yfir kynbótaárið

Guðný Káradóttir kynnti markaðsverkefnið um íslenska hestinn

Helgi Eggertsson gaf orðið laust varðandi markaðsverkefnið og benti Jónas Vigfússon á að leturgerðin væri erfið aflestrar.

Bjarni Páll Vilhjálmsson er með hugmynd um að sameina hestamenn í sameiginlegu átaki, í tengslum við landsmót. Erlendum hestamönnum (í öðrum kynjum) boðið á landsmót, fengju fræðslu ásamt því að fá að prófa keppnishross, þeim yrði boðið á landsmótið og hestaferðapjónustan myndi svo bjóða þeim í hestaferð. Miðað yrði við ca 10 manns.

Sigríður Björnsdóttir: saknar þess að ekki eigi að gera meira út á velferð hestsins, vildi sjá velferðina sem eina af stöðum verkefnisins. Þetta getur skipt máli í samkeppni við önnur hestakyn. Hinn náttúrulegi reiðhestur, Sigríður leggur annan skilning í það en ensku þýðinguna og telur að þessi munur á milli tungumála dragi úr merkingu slagorðanna. Í listanum yfir hagsmunaaðila spyr hún hvort ekki séu íslenskar hestaleigur en Guðný sagði að þeir væru með. Einnig vantar inn að útbúa bók / leiðbeiningar með hestinum til að stuðla enn frekar að velferðinni.

Guðný Káradóttir sagði að erindi sitt næði ekki yfir allt sem rætt hefur verið, en ábendingin ætti rétt á sér. Búið er að velta slagorðunum fyrir sér en allar ábendingar eru vel þegar og verða skoðaðar.

Kristinn Hugason: er þessi markhópur nýr? Hingað til hefur markaðssetningin beinst að keppnisfólki í öðrum kynjum, og spurning hvort verið sé að fara á ný mið. Slagorðið Íslenski hesturinn, náttúrulegi reiðhesturinn finnst honum vera tilvísun á að þessum hesti þurfi lítið að sinna hvað varðar fóðrun og húsakost, eins og markaðssetning fyrir tíma. Guðný benti á að markaðssetning til keppnisknapa væri í góðu lagi en vannýtt tækifæri væru víða og það væru þau sem verið væri að stefna að. Alls ekki er verið að gera lítið úr keppnishlutunum.

Sveinn Steinarsson: það er aldrei of seint að koma með ábendingu varðandi þetta verkefni og allar ábendingar verða teknar til greina. Við erum að leitast við að stækka markaðinn fyrir þau hross sem seljast ekki nógu vel og fyrir of lágt verð. Það verður að vera hægt að selja venjuleg reiðhross uppí keppnishross ef við getum það ekki annars við í vandræðum. Þetta eru líka hrossin sem byrjendur þurfa og því snýst verkefnið líka um að fjölga í hópi hestamanna.

Kristinn Hugason: margt gott í þessu verkefni en hann vildi benda á það sem honum finnst stinga í augun. Enska þýðingin segir meira og er jákvæðari en íslenska slagorðið, t.d. ísl. Hesturinn færir þig á vit náttúrunnar.

Hulda Geirsdóttir fór yfir tilurð bókarinnar, Heimur hestsins, frá því að hún fékk í hendurnar skissur frá Frederike Laustroer til fullunnar bókar sem nú er komin út. Bókin er hugsuð sem fræðslubók fyrir yngstu hópana. Börn sem fara í gegnum reiðskóla, bara hér á höfuðborgarsvæðinu, telja þúsundir og þar er t.d. markaður fyrir bókina. Nýliðunar tækifærin liggja í reiðskólunum, hestabúgarðar sem taka á móti gestum ættu að fá bókina til dreifingar. Kostnaðurinn stendur í rúmum 3 milljónum sem skiptist á milli FHB og LH og ætti FHB að geta sótt um styrki til að greiða kostnaðinn, enda nýtist þessi bók mjög víða. Í bókinni er reynt að fara yfir sem fjölbreyttustu atriði sem snúa að hestum. Telur þá peninga sem hafa farið í bókina gætu að hennar mati jafnvel nýst sem framlag FHB inn í markaðsstarfið. Þakkaði öllum þeim sem komu að framleiðslu bókarinnar.

Sveinn Steinarsson þakkaði Huldu fyrir kynninguna og vinnu við bókina. Helstu verkefni stjórnar framundan eru m.a. að vinna áfram að markaðsverkefninu í verkefnanefndinni en framundan er að það þarf að fjármagna það verkefnið. Finna þarf bókinni farveg og kynna hana fyrir reiðskólum og fleirum. Vinna með Kristni Hugasyni í greiningarvinnu á Félagi hrossabænda varðandi samstarfs og sameiningarmöguleika. Greina þarf markaðinn með tilliti til þess að skoða hver þörfin á fjölda folalda sé þrjár ári í endurnýjunarferlinu. Sveinn greindi frá auknu svigrúni gagnvart Stofnverndarsjóðnum – það lítur út fyrir að hægt verði að nýta meira fjármagn úr sjóðnum til styrkja og því verði hægt að styðja við fleiri áhugaverð verkefni með myndarlegri hætti en síðustu ár.

Sumarexemsrannsóknir og velferð hrossa eru einnig á verkefnaskránni en eins og greint hefur verið frá á fundinum þá verður ráðstefna um sumarexemið í júní á næsta ári og munu afgerandi ákvarðanir varðandi framhaldi þess verkefnis verða teknar í kjölfar ráðstefnunnar.

Helgi Eggertsson gaf orðið laust en enginn tók til máls.

Nefndir tóku til starfa

Fundi framhaldið kl. 17 –

Helga Thoroddsen tók til máls og kynnti tillögu frá allsherjar og markaðsnefnd :

Ein tillaga lá fyrir nefndinni og var hún frá stjórn Félags hrossabænda.

Eins og kynnt hefur verið á fundinum og áður hefur félagið ásamt fleiri hagsmunaaðilum verið að vinna að markaðsverkefni undir verkstjórn Íslandsstofu og hefur undirbúningur til þessa verið fjármagnaður af ríkinu. Það var alltaf ljóst að þegar að kynningarstarfinu kæmi þá yrði verkefnið fjármagnað með móttframlagi frá hagsmunaaðilum í hlutföllunum einn á móti einum. Þar sem stjórn og formaður líta á hlutverk okkar í þessu verkefni sérstaklega mikilvægt í ljósi okkar hagsmuna þá þurfum við að tryggja það að fjármögnum hagsmunaaðila gangi vel og að móttframlag frá hagsmunaaðilum sem er allt að 25.000.000- náist að fullu. Það hefur verið gerð óformleg tillaga að því hvernig fjármögnum skiptist milli þeirra aðila sem að verkefninu koma og er horft er til þess að okkar búgrein leggi verkefninu til allt að 4.500.000- á ári. Það mun hins vegar ekki liggja fyrir hvernig til tekst í fjármagna verkefnið fyrir en á reynir og því verður að koma í ljós hver okkar hlutur verður.

Óskar stjórn því eftir heimild aðalfundar um að stjórn félagsins geti ráðstafað úr sjóðum félagsins í þetta verkefni allt að 4.500.000- á næsta ári en sú fjárhæð er áætlaður okkar hlutur í árlegu móttframlagi miðað við að fullt móttframlag.

Allsherjar og markaðsnefnd er sammála tillögunni og leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

TILLAGAN VAR BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM.

Sigríkur Jónsson kynnti tillögur Kynbótanefndar:

- 1) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að vísa því til fagráðs í hrossarækt að kljúfa upp einkunn fyrir vilja og geðslag.
Greinargerð: Eins og þetta mat er í dag virðist einkunn aðallega vera notuð sem afkastamæling á hraða þar sem vilji yfirtekur geðslags þáttinn Með því að kljúfa einkunnina upp fást væntanlega betri upplýsingar um hvort eiginleikann fyrir sig.

BREYTINGATILLAGA KOM Í STAÐ ÞESSARAR TILLÖGU OG TILLÖGU 9

- 2) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að vinna að því að einkunnir úr fordómi verið sýnilegar í WF í þeim tilfellum sem hækkanir hafa átt sér stað í yfirlitssýningu.

Greinargerð: mikið upplýsingagildi er fólgið í þessari breytingu svo sem hvaða einstaklingar eru að skila fullum afköstum strax í fyrstu sýningu, hvaða sýningar hafa mistekist í fyrstu umferð og hverjir eru að nýta sé söfnunareiginleika yfirlitssýningar.

TILLAGAN BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM

- 3) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að vísa því til fagráðs í hrossarækt að gera heildarlýsingu á hinum fulltamma, fagurskapaða og fjöhlæfa íslenska gæðingi framtíðarinnar þegar honum er riðið á öllum gangi. Til að auðvelda stefnumótun í ræktun íslenska hestsins og koma henni í framkvæmd.

Greinargerð: skýr markmið við framkvæmd hvers verks er nauðsyn. Þar er eins og að hafa áfangastaðinn skýrann í upphafi hvers ferðalags, vita hvert haldið skal. Ræktun íslenska

hestsins er eins og hvert annað ferðalag. Ræktunarmarkmiðið er mjög opið en í stuttu máli hljóðar það svo: Rækta skal fagurskapaðan og fjölhæfan gæðing. Unnendum íslenska hestsins greinir mjög mikið á um hvað þetta merkir þegar grannt er skoðað. Dómskalinn fyrir tíuna á að koma í veg fyrir þann ágreining en gerir það ekki. Heildarlýsing á hinum fulltamba, fagurskapaða og fjölhæfa íslenska gæðingi framtíðarinnar þegar honum er riðið á öllum gangi er nauðsyn. Þá væri til skýrt markaður áfangastaður því stefnan væri öllum ljós.

TILLAGAN BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM

- 4) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að ekki verið heimilt að sýna fjögurra vetra hross í fullnaðardómi á kynbótasýningu. Greinargerð: að baki tillögunni liggja almenn sjónarmið um dýravelferð. Fjögurra vetra hross eru eins og óharðnaðir unglingar og tamning og þjálfun þeirra veldur oft meiri skaða en sýnilegt er. Það eru ekki nema örfá fjögurra vetra tryppi sem þola þær kröfur sem gerðar eru til tryppanna sem eru þær sömu og gerðar eru til eldri hrossa. Við eigum að setja velferð hrossa okkar í forgang.

TILLAGAN VAR FELLD Í NEFND

- 5) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að til að fá einkunn fyrir hægt tölt í kynbótadómi skuli sýna gangskiptinguna fet, hægt tölt, fet. Greinargerð: þessar hraðabreytingar sýna betur en nokkuð annað mýkt og þjálni hestsins auk eðlisgæða töltsins og gefur dómnum meir styrk en ella. Þetta auðveldar dómurum einnig að meta mýkt og jafnvægi á gangtegundinni. Breytingatillaga: Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 beinir því til fagráðs að kynbótadómar verði útfærðir þannig að hross sýni fet, hægt tölt, fet og fleiri hraðastig á brokki.

TILLAGAN BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM

- 6) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að sýna skuli og dæma hægt brokk til að styðja sýningu á brokki með sama sniði og tíðkast hefur í sýningum á tölti og stökki. Greinargerð: þessi tillaga er hugsuð til að bæta og auðvelda dóm á brokki þ.e. takti og líkamsbreytingu.

BREYTINGARTILLAGA KOM Á ÞESSARI TILLÖGU OG TILLÖGU 5 SAMAN (SJÁ HÉR F. OFAN)

- 7) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að tilnefndur verið dýralæknir sýningar við allar kynbótasýningar og geti hann einn hnekkt dómi sýningarstjóra komi upp ágreiningur um alvarleika áverka á kynbótasýningum.

TILLAGAN SAMÞYKKT ÚR KYNBÓTANEFND þannig að áverkaskoðun sýningarstjóra kynbótasýningar standi og verði ekki áfrýjað.

TILLAGAN BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM GEGN EINU.

- 8) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að öll kynbótahross á Landsmótum hestamanna skuli koma fram til kynningar samhliða verðlaunaafhendingu í sínum flokki.

Greinargerð: eykur sýnileika á þeim hrossum sem ekki ná í verðlaunasæti, hefur skemmtanagildi þegar þessi hross geta sýnt sig á þeim gangtegundum þar sem þau eru best. Margir landsmótsgestir hafa ekki tók á að vera allt mótið en fá með þessu móti nasapef af breiddinni í ræktunarstarfinu.

BREYTINGARTILLAGA SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA: fundurinn beinir því til fagráðs að öll kynbótahross á landsmóti komi fram til kynningar við verðlaunaafhendingu í sínum flokki.

Sveinn spyr hvernig framkvæmdin verði, mun þetta ekki teygja úr dagskránni. Jónas V. Sagði að tillögunni hefði verið beint til fagráðs til að það yrði skoðað þar. Þorvaldur sagði að e.t.v. ætti að nýta þetta til að sýna hross sem eru með e-a afbragðseiginleika og leyfa þeim að njóta sín. Elvar logi ræða þarf hve mörg hross komast á landsmót áður en þetta er rætt. Vignir segir þetta vera í mótsögn við þær hugmyndir sem uppi eru um að stytta landsmótin, telur ekki að þetta ætti að vera krafa frá okkur. Sigríkur segir að þessu sé ætlað til að vekja athygli á þeim hrossum sem ekki ná í verðlaunaafhendingar, og fá með þessu móti aðeins meiri sýnileika. Ólafur Sig. Spyr hvort búið sé að ákveða hvort móti ljúki á laugardagskvöldi eða á sunnudeginum.

TILLAGAN BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ 4 ATKVÆÐUM GEGN 1

- 9) Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel sögu 6.nóv. 2015 samþykkir að vísa því til fagráðs í hrossarækt að lækka vægi á vilja og geðslagi í kynbótadómi.

Greinargerð: þetta eru bæði eiginleikar sem skipta miklu máli í ræktun. Þeir eru mjög erfiðir að meta auk þess mismunandi smekkur hefur mikil áhrif á matið og því rétt að lækka vægið.

BREYTINGARTILLAGA KOM Í STAÐ ÞESSARAR TILLÖGU OG TILLÖGU 9

Tillaga sem kom frá stjórn til kynbótanefndar varðandi fjölda kynbótahrossa á landsmóti, plan I, var samþykkt úr nefnd. Plan I miðar við ákveðinn fjölda hrossa í hverjum flokki; hryssur yrðu alls 95(4v = 15, 5v = 35, 6v = 30 og 7v og eldri = 15) og stóðhestarnir alls 65 (4v = 15, 5v = 20, 6v = 20 og 7v og eldri = 10). Með þessu móti væri hægt að skapa vettvang fyrir ræktendur til að kynna sig og sína ræktun, t.d. með n.k. Breeders café eins og haldið var á HM í Herning. Magnús Jósefsson: er ekki hægt að undanskilja 4 vetra hrossin, þ.e. hafa lágmörk á þeim eins og verið hefur. Þorvaldur telur að fjölda viðmiðið henti betur og miðað verði þá við svipaðan fjölda og á LM 2014. Hermann Karlsson: ef hestur forfallast kemur þá næsta hross í lista inn á mót ? Þorvaldur sagði að það yrði þannig. Sveinn Steinarsson: með þessu móti (Plan I) þá ættu hrossin að fá betri kynningu enda ætti þá ekki að þurfa að dæma þau eldsnemma að morgni eða seint á kvöldi þegar áhorfendum er farið að fækka og einnig væri meira svigrúm til að bregðast við ef veðuraðstæður væru að trufla dagskrá. Indriða list vel á planið en er sammála Magnúsi með 4ra vetra hrossin. Er búið að ræða hvernig á að útfæra þetta með úrvalseiginleikana. Þorvaldur sagði að þetta ætti að vera n.k flugeldasýningu, t.d. bestu töltararnir og bestu skeiðhestarnir.

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á hótél Sögu 6.nóv. 2015 styður þá tillögu að stuðst verði við ákveðinn fjölda hrossa

TILLAGAN BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM

Breytingartillaga við tillögur 1 og 9 –

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á hótél Sögu 6.nóv. 2015 fagnar þeirri vinnu sem er í gangi varðandi stigunarkvarða kynbótadóma. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að ná betur utan um einkunn fyrir vilja og geðslag, og þá m.a. hugað að því hvort aðskilja skuli einkunn fyrir vilja og geðslag og/eða lækka vægi þessarar einkunnar.

TILLAGAN VAR BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM

Vignir bar fram tillögur frá Fjárhagsnefnd:
Fjárhagsáætlun næsta árs borin upp.

TILLAGAN VAR BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM

Birna Hauksdóttir bar upp tillögu varðandi fjölda fulltrúa á fundinn og styrk til þeirra sem lengst eiga að fara (frá Jósef Valgarð).

Hermann Karlsson spyr hvort hægt væri að bjóða uppá fjarfundarbúnað fyrir þá sem ekki eiga heimangengt. Birna og Helgi beindu því til stjórnar að skoða þann möguleika.

TILLAGAN VAR BORIN UPP OG SAMÞYKKT MEÐ ÖLLUM GREIDDUM ATKVÆÐUM

Uppstillingarnefnd:

Kosning 2 aðalmenn í stjórn – nefnd leggur til Magnús Jósefsson og Eystein Leifsson.

SAMÞYKKT MEÐ LÓFAKLAPPI

Tillaga um sömu varamenn

SAMÞYKKT MEÐ LÓFAKLAPPI

Tillaga um sömu skoðunarmenn og áður

SAMÞYKKT MEÐ LÓFAKLAPPI

Tillaga um aðal- og varafulltrúa til Búnaðarþings – tillaga um að Sveinn Steinarsson verði aðalmaður og Jósef Valgarð til vara.

SAMÞYKKT MEÐ LÓFAKLAPPI

Önnur mál – enginn tók til máls

Sveinn Steinarsson: þakkaði starfsmönnum fundarins og fundarmönnum fyrir daginn. Fundi slitið